


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	ÍSLE2HS05 Námsáætlun vorönn 2017	

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Ásbjörg Benediktsdóttir, Benedikt Bragason og Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ALH, ÁBE, BEB, KRÁ
----------------	-------------------------------------------------------------------------------------------	---------------	--------------------

Ritun og málnotkun

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er unnið með grundvallarhugtök ritunar og málnotkunar. Auk þess verður farið í meðferð og notkun hjálpargagna og heimilda í tengslum við ritgerðarsmíð. Fjallað verður um mismunandi birtingarform texta eftir miðlum og skrifaðar ólíkar gerðir ritsmíða, m.a. heimilda- og rökfærsluritgerðir þar sem nemendur hafa ákveðið val um viðfangsefni. Unnið með grunnhugtök í málfræði, setningafræði og stafsetningu og mismunandi málsnið og stílbrögð í tengslum við ritun. Nemendur vinna og kynna munnlega eigin verkefni, hver fyrir sig og/eða með öðrum. Áhersla á fjölbreytt og skapandi verkefni sem reyna á sjálfstæð vinnubrögð og mismunandi hæfni nemenda, auka viðsýni og gagnrýna hugsun.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:


- helstu hugtökum í ritgerðarsmíð
- orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti
- uppbyggingu rökfærsluritgerða
- málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda
- uppsetningu og frágangi heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rita rökfærsluritgerðir sem krefjast gagnrýnnar hugsunar
- nota hjálpargögn við frágang ritsmíða
- nota heimildir af ýmsu tagi og flétta efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt
- nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli
- flytja munnlega efni af ýmsu tagi og ræða eigin niðurstöður og annarra með málefnalegum hætti
- beita málfræðihugtökum og nota málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu
- taka þátt í málefnalegum umræðum
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta handbækur um málfar og málfræði
- sýna töluverð tilbrigði í málnotkun
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4	ÍSLE2HS05	Námsáætlun vorönn 2017

- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal.

10. útgáfa frá 2010 eða síðar. Útgefandi er Mál og menning (Forlagið).

ÍSLE2HS05: Les- og vinnuhefti. Fæst á skrifstofu skólans

Efni frá kennurum. **Lykilorð að Moodle-síðu áfangans er: frumlag**

Kjörbók, hægt er að velja á milli neðangreindra bóka:

- *Sölva saga unglings* eftir Arnar Má Arngrímsson, útgefin 2015
- *Tímakistan* eftir Andra Snæ Magnason, hvaða útgáfa sem er.
- *Freyjusaga: Múrin* eftir Sif Sigmarsdóttur, hvaða útgáfa sem er.
- *Dauði trúðsins* eftir Árna Þórarinsson, hvaða útgáfa sem er.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (3 vikur) 6. janúar – 27. janúar. **Orð eru til alls fyrst** (orðflokkar)

Les- og vinnuhefti. Þessi lota verður helguð upprifjun í málfræði, þ.e.a.s.

orðflokkunum og einkennum þeirra. Nemendur vinna ýmis æfingaverkefni. **Lotunni lýkur með tímaverkefni í málfræði**. Nemendur mega nýta sér námsgögn við lausn þess og geta valið milli þess að vinna einir eða tveir saman. **Í þessari lotu velja nemendur sér kjörbók og huga að lestri hennar.**

2. lota (4 vikur) 30. janúar. – 24. febrúar. **Allt vill lagið hafa** (setningafræði og orðatiltæki)

Les- og vinnuhefti. Farið verður í orðaröð, setningahluta, aðal- og aukasetningar og innskotssetningar, fjallað verður um áhrif færslna á merkingu og stíl og farið í muninn á orðtökum og málsháttum. Ýmis æfingaverkefni unnin. Námsmat lotunnar er með tvennum hætti. Annars vegar vinna nemendur verkefni tengt orðtökum og málsháttum og er framsetning þess frjáls (getur hvort sem er verið myndræn eða í formi texta). Verkefnið þarf að kynna fyrir hópnum. Hins vegar lýkur **lotunni á skriflegu prófi**. Nemendur mega nýta sér gögn við lausn prófsins.

3. lota (1 vika) 27. febrúar – 3. mars **Bók er best vina** (kjörbók)


Hugtök tengd bókmenntagreiningu rifjuð upp og nemendur vinna bókarskýrslu úr kjörbók. Þetta er **einstaklingsverkefni**. Vetrarfrí kemur inn í þessa lotu.

4. lota (2 vikur) 6. mars – 17. mars **Skriðu bæði skýrt og rétt** (stafsetning)

Les- og vinnuhefti. Helstu stafsetningarreglur rifjaðar upp og farið í greinarmerkjasetningu. Unnin ýmis verkefni í hefti og frá kennara. **Lotunni lýkur með tímaverkefni með gögnum. Þetta er einstaklingsverkefni.**

5. lota (2 vikur) 20. mars – 31. mars. **Hafa skal það sem sannara reynist** (heimildaskráning)

Handbók um ritun og frágang bls. 13, 23-27, 38-53, 82-95. Nemendur fá kennslu í upplýsingalæsi á bókasafni skólans. Farið verður yfir helstu atriði sem tengjast heimildaskráningu og framsetningu heimildaskrár. Lotunni lýkur á verkefni þar sem

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4	ÍSLE2HS05	Námsáætlun vorönn 2017

nemendur þurfa að útbúa heimildaskrá eftir öllum kúnstarinnar reglum. **Verkefnið vinna nemendur hver fyrir sig.**


6. lota (4 kennsluvikur) 3. apríl – 5. maí. **Allir hafa nokkuð til síns máls** (ritgerð) *Handbók um ritun og frágang* bls. 16, 23-27, 67-95, 118-122. Farið í byggingu rökfærsluritgerða og notkun heimilda inni í texta. Nemendur skrifa litla rökfærsluritgerð (5 efnisgreinar) þar sem þeir þurfa jafnframt að nota heimildir til þess að styðja mál sitt og setja upp heimildaskrá (sjá 5. lotu). Í verkefninu reynir á allar gerðir tilvitnana. Vinna við ritgerðina fer að mestu fram í kennslustundum undir umsjón kennara. **Páskafri kemur inn í þessa lotu.** Lotunni lýkur á upprifjun fyrir próf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er valbundið lokapróf, þ.e. þeir sem ekki ná tilskilinni meðaltalseinkunn (sjá hér að neðan) þurfa að fara í lokapróf í lok annar. Í dálkinum lengst til hægri í neðangreindri töflu stendur fremri talan fyrir vægi námsþáttar fyrir þá nemendur sem eru undanþegnir lokaprófi en síðari talan gildir fyrir þá sem fara í lokapróf.

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar		Vægi %
Tímaverkefni	Orðflokkagreining, para-/einstaklingsverkefni. Gögn leyfileg		15 / 5
Setningafræði	Gagnapróf, einstaklingsverkefni		20 / 5
Tímaverkefni	Bókarskýrsla, einstaklingsverkefni		10 / 10
Skapandi verkefni	Málshættir og orðtök, para-/einstaklingsverkefni		5 / 5
Tímaverkefni	Stafsetning, einstaklingsverkefni		15 / 5
Tímaverkefni	Heimildaskráning, einstaklingsverkefni		15 / 5
Ritgerð	Rökfærsluritgerð með heimildum		20
Próf	Lokapróf		45
	Samtals:		100
Annað: Áfanganum lýkur með valbundnu lokaprófi. Til þess að komast hjá lokaprófi þarf nemandi að fá meðaleinkunnina 8,0 fyrir fyrstu 5 loturnar.			

Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4	ÍSLE2HS05 Námsáætlun vorönn 2017	

Símar og önnur snjalltæki eru óheimil í kennslustundum nema með leyfi kennara. Nemandi sem ekki virðir þessa reglu má búast við að honum verði vísað úr kennslustund, sbr. skólareglur.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning: 5/1 '17

Asbjörg Benediktssd.
Undirritun kennara

Rannveig Karólhel
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils